

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og**

**Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar
Íslands
gera með sér svofellt**

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Frá 1. september 2008 tekur gildi launatafla samkvæmt fylgiskjali 1.

3. grein

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

4. grein

Kaflí 9 um starfsþróun breytist sem hér segir:

9.1.1 Launagreiðandi greiðir 0,46% af föstum mánaðarlaunum hljómsveitarmanna í sérstakan starfsmenntunarsjóð er hafi það hlutverk að styrkja hljómsveitarmenn til að afla sér viðbótarmenntunar eða þjálfunar til að auka hæfni sína í starfi. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna samkvæmt reglum sem aðilar setja í sameiningu.

Greinar 9.1.2 og 9.1.3 falla brott.

9.2.2 Launagreiðandi greiði tvisvar sinnum á ári framlag í sjóðinn er nemi árlega samtals 22 milljón króna. Upphæðin miðast við vísitölu neysluverðs í september 2008, 315,5 stig.

5. grein

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

6. grein

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

7. grein

Samningur þessi gildir frá 1. september 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 13. október 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 29. september 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Helga Jóhannesdóttir (sign.)
Björn Rögnvaldsson (sign.)

F.h. Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar
Íslands með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Hrafnkell Orri Egilsson (sign.)
Maragrét Þorsteinsdóttir (sign.)
Rúnar Óskarsson (sign.)
Björn Th. Árnason (sign.)

Bókanir
með kjarasamningi
Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar
Íslands
dags. 29. september 2008

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaganna um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

Bókun 2

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Efnt verði til samstarfs við önnur samtök ríkisstarfsmanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

Fylgiskjal 1
Launatafla Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lfl	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	240.173	245.660	251.146	256.633	262.120	267.607	273.094	278.580	284.067
02	251.146	256.907	262.668	268.429	274.190	279.951	285.712	291.473	297.234
03	262.668	268.717	274.767	280.815	286.865	292.913	298.963	305.012	311.061
04	274.767	281.118	287.470	293.821	300.173	306.524	312.876	319.227	325.579
05	287.470	294.138	300.808	307.477	314.146	320.816	327.484	334.153	340.823
06	300.808	307.811	314.814	321.816	328.818	335.821	342.824	349.826	356.829
07	314.814	322.167	329.519	336.872	344.225	351.578	358.930	366.283	373.635
08	329.519	337.240	344.960	352.680	360.401	368.121	375.841	383.562	391.282
09	344.960	353.066	361.173	369.279	377.386	385.492	393.598	401.705	409.811
10	361.173	369.685	378.197	386.708	395.219	403.731	412.243	420.754	429.266
11	378.197	387.134	396.071	405.008	413.946	422.883	431.820	440.757	449.695
12	396.071	405.455	414.839	424.223	433.608	442.992	452.376	461.760	471.144
13	414.839	424.692	434.546	444.399	454.253	464.106	473.959	483.813	493.666
14	434.546	444.891	455.237	465.583	475.930	486.276	496.622	506.968	517.313
15	455.237	466.100	476.964	487.827	498.690	509.553	520.417	531.280	542.143
16	476.964	488.371	499.778	511.183	522.590	533.997	545.403	556.810	568.215
17	499.778	511.754	523.731	535.708	547.685	559.662	571.639	583.615	595.592
18	523.731	536.307	548.882	561.458	574.034	586.609	599.185	611.760	624.336